



Borgarráð

**Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022****1. Flutningur fjárheimilda á VEL – rekstur áfangaheimilis fyrir konur**

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	01292	Sameiginlegur kostnaður þjónustumiðstöðva	Frá	-17.163
VEL	F3286	Áfangaheimili Njálsgötu	Til	17.163
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Fjárheimild v. reksturs áfangaheimilis fyrir konur var vistuð á sameiginlegum kostnaðarstað þjónustumiðstöðva við fjárhagsáætlunargerð 2022. Nú er óskað er eftir að flytja fjármagn af sameiginlegum kostnaðarstað þjónustumiðstöðva yfir á áfangaheimili Njálsgötu. Um er að ræða eitt stöðugildi forstöðumanns í dagvinnu og hálf stöðugildi félagsráðgjafa auk húsaleigu.

**2. Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs - Stjórnugróf**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 141.500 þ.kr. vegna uppbyggingaráætlunar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-141.500
VEL	F4313	Stjórnugróf - stofnkostnaður	Til	3.000
VEL	F4313	Stjórnugróf - rekstrarkostnaður	Til	138.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Stjórnugróf er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var af borgarráði 24. ágúst 2017. Samkvæmt velferðarsviði hófst starfsemi í Stjórnugróf í byrjun júní 2022. Fjárheimild vegna Stjórnugrófar var tekin frá miðlægt í fjárhagsáætlun 2022. Óskað er eftir fjármagni til reksturs í 6 mánuði, en rekstrarkostnaður á ári er áætlaður 277.000 þ.kr. og stofnkostnaður 3.000 þ.kr.

### 3. Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs – Tindasel

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 118.000 þ.kr. vegna uppbyggingaráætlunar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-118.000
VEL	xxx	Tindasel - stofnkostnaður	Til	3.000
VEL	xxx	Tindasel- rekstrarkostnaður	Til	115.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki hefur verið gerð jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Til samræmis við áætlun velferðarsviðs um niðurlagningu herbergjasambýla frá 2017 var tekin ákvörðun um að breyta herbergjasambýlinu að Tindaseli í íbúðakjarna. Nýr íbúðakjarni var tekinn í notkun í mars 2022. Frá því á því að ákvörðun um framangreinda breytingu var tekin og upphafleg áætlun unnin hafa hins vegar orðið talsvarðar breytingar á umönnunar- og stuðningsþörfum íbúa Tindasels. Þessar breytingar voru ekki fyrir séðar þegar upphafleg áætlun var gerð. Miðað við núverandi stöðu og breytingar á umönnunarþörfum þarf aukið fjármagn svo unnt verði að reka íbúðakjarnann þannig að öryggi íbúa verði tryggt á sólarhringsgrundvelli.

Tindasel er í dag rekið sem íbúðarkjarni í þjónustuflokki III. Vísað er hér í að samkvæmt nýju mönnunarmódeli sem notast var við í uppfærðri uppbyggingaráætlun sem samþykkt var í Borgaráðsfundi 11. ágúst 2022, fundur nr. 5671. en þar er gert ráð fyrir að sambærilegt úrræði muni kosta allt að 235 m.kr. á ársgrundvelli. Að framansögðu er óskað eftir því að fjárheimild Tindasels hækki sem nemur 118 m.kr og er þar með talin stofnkostnaður 3 m.kr

### 4. Hækkun á greiðslum jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 1.500 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna á kost.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-1.500
SFS	xxx	Tónlistarskólaskólar	Til	1.500
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Nú hefur jöfnunarsjóður greitt 1.500 þ.kr. til tónlistarskóla vegna langtímaforfalla á efri stigum í tveimur tónlistarskólum.

## 5. Nefnd um Vöggustofur

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum sameiginlegs kostnaðar (ÖNN) vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -12.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til 12.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

### **Greinargerð:**

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 10. nóvember 2022 liður 11, mál MSS22110041, Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins - Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun. Er þetta í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. mars og 22. júlí 2022 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þá skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfi, auk áætlaðs kostnaðar. Áætlaður heildarkostnaður er 76.000 þ. kr. Þar af eru 12.000 þ.kr. 2022 og 64.000 þ.kr. 2023.

## 6. Hækkun ábyrgðatrygginga

Lagt er til fjárheimildir skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs hækki samtals um 20.028 þ.kr. vegna hækkunar ábyrgðatrygginga. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -20.028
SFS	xxx	Ábyrgðatryggingar	Til 10.348
USKRK	xxx	Ábyrgðatryggingar	Til 1.712
VEL	xxx	Ábyrgðatryggingar	Til 7.968
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### **Greinargerð:**

Óvenju miklar breytingar urðu á samningsforsendum og þar með iðgjaldi á ábyrgðatryggingu borgarinnar milli ára. Var ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2022.

## 7. Nýir leikskólar - opnun

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 407.340 þ.kr. vegna opunar á nýjum leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-407.340
SFS	xxx	Opnun nýrra leikskóla	Til	407.340
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir að fá fjárheimild til að standa straum af rekstrarkostnaði fjögurra nýrra leikskóla. Um er að ræða ungbarnaleikskóla við Bríetartún og þrjár ævintýraborgir þ.e. við Eggertsgötu, Nauthólsveg og Vogabyggð. Sviðið fékk í júní fjárheimild til að standa straum af rekstrarkostnaði fyrstu átta mánuði ársins og er nú að óska eftir að fá viðbótarfjárheimild vegna tímabilsins september til desember. Við gerð fjárhagsáætlunar var fjárheimild vistuð miðlægt til að mæta þessum kostnaði og er nú verið að flytja hana til sviðsins.

## 8. Sjálfstætt starfandi grunnskólar – breyting á barnafjölda og kostnaði

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 35.200 þ.kr. vegna breytinga á viðmiðunarverði og fjölda barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsm.kostn.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-35.200
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi grunnskólar	Til	35.200
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

### Greinargerð:

Barnafjöldi í sjálfstætt starfandi grunnskólum getur hreyfst milli mánaða auk þess sem mánaðarleg gjaldskrá tekur breytingum til samræmis við útreikninga Hagstofu. Er hér verið að uppreikna og aðlaga fjárhagsáætlun að þeim breytingum.

## 9. Sjálfstætt starfandi leikskólar – breyting á barnafjölda

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs lækki um 178.500 þ.kr. vegna fækkunar barna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Breytingunni verði ráðstafað inn á kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi leikskólar	Frá	-178.500
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Til	178.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Við fjárhagsáætlunargerð 2022 var gert ráð fyrir að 1.290 börn væru í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík. Börnum hefur hinsvegar fækkað jafnt og þétt eftir því sem liðið hefur á árið og voru í nóvember 1.144. Aðlaga þarf fjárheimildir að breyttum barnafjölda.

**10. Arnarskóli**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 2.400 þ.kr. vegna greiðslu til Arnarskóla. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-2.400
SFS	xxx	Arnarskóli	Til	2.400
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Barnafjöldi í Arnarskóla er í samræmi við áætlun en mánaðarleg gjaldskrá tekur breytingum til samræmis við útreikninga Hagstofu og breyting getur verið á stuðningsþörf barna. Fjárhagsáætlun er uppfærð til samræmis við þær breytingar.

**11. Kostnaður vegna rakavandamála í skólum/leikskólum**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 224.300 þ.kr. vegna rakavandamála í leik- og grunnskólum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-224.300
SFS	xxx	Vegna rakavandamála í skólahúsnæði	Til	224.300
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Óskað hefur verið eftir auknum fjárheimildum vegna kostnaðar sem til hefur fallið v. rakavandamála í skólahúsnæði borgarinnar. Hefur sá kostnaður verið verkefnaþekktur og auk þess sem mánuðir sem enn eru opnir í bókhaldi hafa verið áætlaðir. Afleiddur kostnaður vegna aksturs Hagaskóla og Fossvogsskóla hefur verið mikill á árinu. Áætlað skóla- og frístundasvið að sá kostnaður verði um 108 á árinu 2022.

**12. Bætt borg fyrir börn – flutningur fjárheimilda milli sviða**

Lagt er til að fjárheimildir að fjárhæð 2.900 þ.kr. verði fluttar frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs vegna þróunarverkefnisins betri borg fyrir börn.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Betri borg fyrir börn	Frá	-2.900
SFS	xxx	Betri borg fyrir börn	Til	2.900
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins. Í tengslum við þessa breytingar færðust störf og stöður sem hafa verið með skólaþjónustu frá velferðarsviði yfir til skóla- og frístundasviðs og er þetta lokafrágangur á tilfærslu fjárheimilda milli sviða.

### **13. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 270.832 þ.kr. vegna innri leigu, þar af 131.315 þ.kr. vegna leigu fasteigna, áhalda og tækja og 139.517 þ.kr. vegna leigu gatna. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð eða 270.832 þ.kr.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-270.832
FAS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	935
ITR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	18.573
MOF	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	8.141
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-1.294
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	97
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	67.421
USKRK	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	143.724
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	23.485
ÞON	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	8.239
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	27
USKES	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	1.485
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 var gert ráð fyrir 5,8% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar innan ársins og tóku fjárheimildir sviða mið af því eins og leikreglur gera ráð fyrir. Vísitalan hefur hins vegar hækkað um 7,6% innan ársins 2022. Lagt er til að sviðin fái fjárheimildir til að mæta þessari hækkun verðlags umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti eru tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð og því hefur tillagan ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu né fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

#### 14. Niðurfelling á innri leigu vegna skila á húsnæðis

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs lækki um samtals 24.080 þ.kr. vegna lækkunar á innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu lækkaðar um sömu fjárhæð eða 24.080 þ.kr.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Frá	24.080
SFS	xxx	Innri leiga Árborg - gjöld	Til	-18.011
VEL	xxx	Innri leiga Hraunbær 115 - gjöld	Til	-6.069
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

#### **Greinargerð:**

Bæði skóla- og frístundasvið og velferðarsvið skiluðu nýverið húsnæði sem þau höfðu í notkun. Í tilfalli skóla- og frístundasviðs var húsnæði leikskólans Árborgar skilað á meðan viðgerð stendur vegna rakavandamála en velferðarsvið skilaði húsnæði sem sviðið var með á leigu í Hraunbæ 115.

*Dagur B. Eggertsson*  
borgarstjóri